

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 13 í stjórn Herjólfss ohf. haldinn föstudaginn 30. nóvember 2018, kl. 15:00 (símafundur).

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarformaður(LB), Grímur Gíslason (GG), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG) og Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins (GEJ). Birna Þórsdóttir hefur boðað forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Eigendastefna Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf., erindi stjórnar til bæjarráðs.

Eigendastefna Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss rædd sem og erindi og ósk stjórnar um fund með bæjarráði þann 26.11.2018. Engin svör né fundarboð hafa borist stjórninni. Stjórn Ítrekar afstöðu sína gagnvart eigendastefnunni eins og hún kemur fram í bréfi til bæjarráðs dags. 26.11.2018.

2. Útboð á bókunarkerfi, niðurstaða.

Framkvæmdastjóri fer yfir niðurstöður útboðs. Fjórum fyrirtækjum var boðin þátttaka í útboðinu en aðeins þrjú skiluðu inn tilboði.

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu um að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Kosmos og Kaos.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

3. Fundur með vegagerðinni dags. 28.11.2018

Stjórnarformaður kynnir fyrir stjórn fundargerð frá fundi sem stjórnarformaður, varaformaður og framkvæmdastjóri áttu með Vegagerðinni þann 28. nóvember sl.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöðu undirbúnings.

Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir þau atriði sem hann hefur unnið að frá síðasta stjórnarfundum, en í frásögn hans kom m.a. fram að hann hefur að undanförunni unnið að neðangreindum verkefnum. Upptalningin er ekki tæmandi.

- Staða starfsmanna- og ráðningamála og fyrirhugaðir fundir með verkalýðsfélögum.
- Fundir með núverandi starfsmönnum Herjólfss.
- Fjarskipti og mögulegar fjarskiptalausnir fyrir félagið/skipið.
- o. m. fl.

Stjórnarformaður þakkar framkvæmdastjóra góða yfirferð og lýsingu á stöðu undirbúningsvinnu sem er í gangi vegna yfirtöku félagsins á rekstri Herjólfss.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:35.

Fundargerð ritaði ABI, ritari stjórnar.